


Alþingi
Erindi nr. P 127/1908
komudagur 15.4.2002

Reykjavík 15. apríl 2002



FÉLAG GEISLAFRÆÐINGA

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands

Félag geislafræðinga fagnar nýjum lögum um Tækniháskóla Íslands. Það er löngu tímabært að staðfesta stöðu Tækniskóla Íslands sem háskóla og samræma skipulag hans við aðra háskóla.

Það er von okkar að með þessum lögum verði námi í geislafræði búinn traustur framtíðargrunnur. Við viljum við þetta tækifæri benda á nauðsyn þess að efla rannsóknarstörf innan geislafræðinnar, en við námsbraut í geislafræði hefur skort tækifæri til framhaldsnáms og rannsókna. Við treystum því að fjárveitingar til Tækniháskóla geri ráð fyrir metnaðarfullu starfi þar í öllum deildum.

Geislafræði er fag í örri framþróun og geislafræðingar verða sífellt mikilvægari starfsstétt, aðallega innan heilbrigðisgeirans. Það er því mikilvægt að svo verði búið um hnútana í nýjum Tækniháskóla að áfram fái stæft fagfólk til starfa, að kennarar verði studdir til rannsóknarvinnu og framhaldsnáms, og þannig stuðlað að því að námsbrautin bjóði alltaf upp á nám sem fylgir framförum í faginu fast eftir.

Mikilvægt er að lögin verði samþykkt á þessu þingi, bæði til að eyða óvissunni sem ríkt hefur um framtíð skólans og til að starfslið hans geti sem allra fyrst hafið markvissa vinnu við að aðlagast nýju umhverfi.

Efnislega gerir FG ekki athugasemdir við texta frumvarpsins.

Virðingarfyllt
fyrir hönd Félags geislafræðinga

Jónína Guðjónsdóttir

Jónína Guðjónsdóttir, formaður

- Suðurhlíð 35
- 105 Reykjavík
- sími: 588 7820
- www.geislar.net
- fg@geislar.net